



SKÝRSLA STARFSHÓPS UM EFLINGU ATVINNULÍFS Í STYKKISHÓLMI

Stykkishólmi, 17. mars 2022



YFIRLIT YFIR SKÝRSLU OG TILLÖGUR STARFSHÓPS UM EFLINGU ATVINNULÍFS Í STYKKISHÓLMI

1 INNGANGUR	4		
1.1 Staða Stykkishólms.....	4		
1.2 Framtíðarmöguleikar Stykkishólms	5		
2 MEGINTILLAGA	5		
2.1 Stofnun Þekkingar- og rannsóknaseturs við Breiðafjörð.....	5		
2.2 Greinargerð með megin tillögu	6		
2.3 Stofnun Þekkingar- og rannsóknarseturs við Breiðafjörð – næstu skref.....	8		
3 AÐRAR TILLÖGUR UM EFLINGU ATVINNULÍFS Í STYKKISHÓLMI	8		
3.1 Stuðningur stjórnvalda við núverandi atvinnulíf.....	8		
3.1.1 Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji stjórnvöld til að laus störf hjá ríkinu verði auglýst án ákveðinnar staðsetningar og að ríkisstarfsmönnum verði veitt almenn heimild til þess að flytja starf sitt út á land	8		
3.1.2 Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji stjórnvöld til að finna verkefnum á vegum ríkisins stað í Stykkishólmi.....	8		
3.1.3 Lagt er til að Stykkishólmsbær styðji við aðlögun nýbúa/innflytjenda sem koma til starfa hjá fyrirtækjum í Stykkishólmi.	9		
3.1.4 Lagt er til að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða og að skipum verði sett svæðisbundin aflahlutdeild í grásleppu.	9		
3.1.5 Lagt er til að fyrirkomulagi ígulkeraveiða og annarra hryggleysingja verði breytt þannig að þeim verði ekki stjórnad með sóknarmarki heldur verði tekin upp heimild til að svæðisbinda aflahlutdeild staðbundinna nytjastofna hryggleysingja.	10		
3.1.6 Lagt er til að svæðisbundnar skelbætur verði gerðar varanlegar í formi aflahlutdeilda, skilyrðisbundin við Stykkishólmi og Grundarfjörð.	10		
3.2 Tækifæri í auðlindanýtingu á svæðinu á næstu árum.....	11		
3.2.1 Grænir iðngarðar - Starfshópurinn bendir á að tækifæri séu í að skipulag atvinnusvæðis við sitt hvorn enda flugvallarins í Stykkishólmi taki mið af hugmyndum um græna iðngarða.	11		
3.2.2 Lagt er til að Stykkishólmsbær skori á matvælaráðherra að veita HAFRÓ viðbótarfjármagn til að rannsaka lífríki sjávar í innanverðum Breiðafirði svo unnt verði að meta, betur en nú er hægt, sjálfbæra nýtingu einstakra sjávartegunda.	11		
3.2.3 Lagt er til að Stykkishólmsbær hefji undirbúning að skipulagi á aðstöðu fyrir jarðhitaböð og sjósund í Sundvík og bættri aðstöðu í Sundlaug Stykkishólms, einskona náttúruleaug eða náttúrupotti, sem taki mið af sérstökum eiginleikum heita vatnsins.	11		
3.2.4 Lagt er til að Stykkishólmsbær styðji við menningartengda ferðaþjónustu með því að draga fram og koma á framfæri sögu og menningu svæðisins og styðja við safnastarfsemi, í samstarfi við sveitarfélög á Snæfellsnesi og Svæðisgarðinn.....	12		
3.2.5 Lagt er til að Stykkishólmsbær vinni áfram markvisst að því að bæta aðgengi íbúa og gesta að útivist og náttúruupplifun í sveitarfélaginu og styðji þannig við náttúrutengda ferðaþjónustu	12		
3.2.6 Lagt er til að Stykkishólmsbær frumgreini möguleika til strand- og landeldis á svæðinu	12		
3.3 Styrking innviða til framtíðar- uppbyggingar atvinnulífs	13		
3.3.1 Lagt er til að Stykkishólmsbær skori á heilbrigðisráðherra að veita fjármagn til þess að ráðast í endurhönnun og uppbyggingu á 4. hæð St. Fransiskuspítala til þess að skapa bakdeildinni aðstöðu til eflingar heilsutengdrar ferðaþjónustu í Stykkishólmi.	13		
3.3.2 Lagt er til að Stykkishólmsbær skori á heilbrigðisráðherra að veita fjármagn til þess að setja upp fjarheilbrigðisþjónustu í Stykkishólmi.	13		
3.3.3 Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji samgönguyfirvöld til að tryggja aukið fjármagn til uppbyggingar Skógarstrandarveggar árin 2023 og 2024.....	13		
3.3.4 Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji samgönguyfirvöld til að hefja nú þegar undirbúning að breytingu á hafnarmannvirkum, ferjubrúum og dýpkun hafna í Stykkishólmi og á Brjánslæk með það að markmiði að ný og öflug ferja sem mætir þörfum atvinnulífs hefji siglingar eins fljótt og verða má.	14		
3.3.5 Lagt er til að ríkisvaldið tryggi raforkuöryggi á svæðinu og að lögð verði 132 kv. lína frá Vogaskeiði að Glerárskógum í Dalabyggð.	15		
3.3.6 Lagt er til við samgönguyfirvöld að styðja við vega- og hafnabætur í Stykkishólmi til að mæta þörfum atvinnulífs vegna fyrirhugaðrar þangnýtingar.	15		
3.3.7 Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji innviðaráðherra að beita sér fyrir því að skapa skilyrði og umgjörð til þess að tryggja að ljósleiðari geti náð til allra heimila í þéttbýli Stykkishólms	15		

1. INNGANGUR

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum 19. ágúst 2021 erindisbréf starfshóps um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi.

Samkvæmt erindisbréfinu var starfshópnum ætlað annars vegar að greina og leggja til aðgerðir sem koma til með að verja, styðja við og efla atvinnustarfsemi og búsetuskilyrði í Stykkishólmi til skemmri og lengri tíma. Hins vegar var starfshópnum ætlað að greina þau tækifæri sem liggja í svæðisbundnum styrkleikum, þ.m.t. staðbundnum innviðum og auðlindum svæðisins, til eflingar atvinnulífs í Stykkishólmi. Í því sambandi mætti einnig horfa sérstaklega til þess að auka við vísindalegan stuðning við sjálfbæra auðlindanýtingu Breiðafjarðar og þau fjölmörgu tækifæri sem liggja í firðinum til atvinnu- og verðmætasköpunar.

Tilfni að skipan starfshópsins var að rótgróið fyrirtæki í sjávarútvegi í Stykkishólmi, Agustson ehf., sagði upp í lok júní 2021 öllum starfsmönnum sínum, samtals 32 einstaklingum, þar af voru um 25 með lögheimili í Stykkishólmi. Í ljós hefur komið að fyrirtækið hefur hætt starfsemi sinni í Stykkishólmi og mun ekki endurráða neina starfsmenn sem sagt var upp. Flestir starfsmenn sem sagt var upp eru af erlendum uppruna. Nokkrir þeirra hafa snúið aftur til síns heimalands. Agustson ehf. gerði samstarfssamning við sjávarútvegsfyrirtækið Þórsnes ehf. í Stykkishólmi um nýtingu á aflaheimildum fyrirtækisins. Samningurinn kvað einnig á um að hluti starfsmanna Agustson ehf. yrði ráðinn til Þórsnes ehf. Nokkur önnur fyrirtæki í Stykkishólmi gátu bætt við sig starfsfólki og hafa flestir starfsmenn Agustson ehf. af íslenskum uppruna fengið annað starf. Fáeinir munu væntanlega hefja töku lífeyris að loknum uppsagnarfresti.

Óskað var eftir aðkomu Bygðastofnunar og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) að starfshópnum og hafa starfsmenn þeirra tekið þátt í starfinu, einkum hvað varðar samhæfingu þeirra tillagna sem fram eru settar í skýrslunni við almenna stefnumótun innan landshlutans eða á landsvísu. Án þess að ágreiningur sé innan starfshópsins um tillögurnar sem slíkar byggja þær þó fyrst og fremst á hugmyndum heimamanna og ákveðinni framtíðarsýn þeirra. Hvorki Bygðastofnun né SSV hafa tekið afstöðu til þeirra, að frátöldum þeim sem samþykktar hafa verið formlega hjá SSV, enda skilar starfshópurinn þeim til bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar sem tekur ákvarðanir um hvernig með þær verður farið.

1.1. Staða Stykkishólms

Í Stykkishólmi hefur um langan aldur verið öflug og fjölbreytt iðnaðarstarfsemi. Húsasmíði og viðgerðir, báta-

smíði og viðgerðir, bifvélaverkstæði, pípulagnir, rafvirkjun og vélsmiði svo eitthvað sé nefnt. Fjöldi nýbygginga hefur verið meiri en hjá flestum bæjarfélögum af svipaðri stærð.

Á síðasta fjórðungi síðustu aldar höfðu skelveiðar og vinnsla mikil áhrif á verðmætaöflun og íbúaþróun í Stykkishólmi. Á sama tíma byggðist upp ferðaþjónusta með tilkomu Hótel Stykkishólms og Eyjaferða. Skelveiðar lögðust af í upphafi þessarar aldar og íbúum fækkaði. Þrátt fyrir aukinn íbúafjölda undanfarin 5 ár þá hefur fjöldi íbúa ekki náð þeirri tölu sem var um síðustu aldamót og árin þar á undan.

Í Stykkishólmi eru starfandi nokkur öflug fyrirtæki með styrkan rekstrargrundvöll. Þar má nefna útgerðar- og saltfiskvinnslufyrirtækið Þórsnes og Skipavík sem býður upp á alhliða iðnaðar- og byggingarstarfsemi. Einnig er starfrækt Bónusverslun sem býður sama verð og vöruúrval og á höfuðborgarsvæðinu. Byggingavöruverslun, bóka- og vefnaðarvöruverslun, líkamsrækt, hárgreiðslustofa, snyrtistofa, listasmiðjur og hágæða matsölustaðir eru á staðnum.

Stykkishólmur hefur alla möguleika á að vera eftirsóttur staður til búsetu. Bærinn liggur í hæfilegri fjarlægð frá höfuðborginni. Þar er boðið upp á leikskóla fyrir börn frá 12 mánaða aldri, sem er frekar fátítt utan höfuðborgarsvæðisins. Grunnskólaþjónusta er fyllilega samkeppnishæf við það sem best gerist annars staðar. Tónlistarskóli býður upp á vel menntaða kennara og lúðrasveit. Framhaldsskóli er í Grundarfirði, sem er í 30 mínútna akstursfjarlægð frá Stykkishólmi. Lyfjabúð, sýslumannsetur, læknissetur og amtbókasafn hafa verið starfrækt í Stykkishólmi frá miðri 19. öld. Brátt eru 90 ár liðin frá því að St. Fransiskusreglan byggði upp eitt af stærri sjúkrahúsum á landsbyggðinni sem þjónustaði íbúa við Breiðafjörð. Sjúkrahúsið og heilsugæslan hafa enn mikilvægu hlutverki að gegna fyrir svæðið þó að fleiri úrræði hafa boðist breiðfyrskum byggðum undanfarna áratugi.

Hitaveita í eigu Veitna ohf. er í Stykkishólmi sem býður samsvarandi gjaldskrá og gildir í höfuðborginni. Sundlaug með heilnæmu vatni, heitum pottum og vatnsrennibraut. Íþróttahús og golfvöllur þar sem boðið er upp á fjölbreytt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa. Í Stykkishólmi er ungmennafélag, golfklúbbur, Lionsklúbbur og kvenfélag. Að auki er hestamannafélag í Hólminum og aðstaða fyrir hestamenn og frístundabændur með sauðfé. Stutt er í óspillta náttúru og göngustígar eru um næsta nágrenni.

Stykkishólmur er þekktur sem fallegur og vistvænn bær og býr yfir miklu aðdráttarafli. Árið 2003 fékk höfnin í Stykkishólmi Bláfánann, fyrst hafna á Íslandi. Grænfánanum var flaggað í Leikskóla Stykkishólms og við yngri deildir Grunnskólans vorið 2007 og í janúar 2008 hófust íbúar handa við að flokka allt sörp. Árið 2008 fékk Stykkishólmur ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi Earth Check

umhverfissvottun og hefur hún verið endurnýjuð á hverju ári.

1.2. Framtíðarmöguleikar Stykkishólms

Til að halda uppi þeirri grunnþjónustu sem þarf að vera til staðar svo að fólk telji svæðið áhugavert til búsetu, verður íbúum að fjölga. Íbúum fjölgar ekki nema að ný störf séu í boði. Mikilvægt er því að fjölga atvinnutækifærum með það í huga að auka framleiðsluverðmæti og fjölbreytni í atvinnulífinu með áherslu á frekari nýtingu svæðisbundinna náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt. Í því sambandi má nefna mikilvægi þess að efla rannsóknir á lífríki sjávar og sjávarfallsstraumum við innanverðan Breiðafjörð með það í huga að auka verðmætasköpun og fjölga störfum.

Starfshópurinn fékk Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi til að gera könnun meðal íbúa Stykkishólms 18 ára og eldri þar sem áhersla var lögð á að greina tækifæri sem liggja í svæðisbundnum styrkleikum og leggja til aðgerðir til þess að nýta þau. Vífill Karlsson annaðist gerð og úrvinnslu könnunarinnar. Alls tóku 386 manns þátt í könnuninni. Rúmlega 20% svarenda voru ekki með lögheimili í Stykkishólmi en áttu íbúð eða hús í Stykkishólmi. Karlar voru 53% svarenda en konur 47%. Niðurstöður könnunarinnar má nálgast í fylgiskjali með þessari skýrslu.

Meðal spurninga var hvort svarandi væri með viðskiptahugmynd eða önnur áform um fyrirtækjarekstur sem viðkomandi vildi geta komið í framkvæmd eða farið af stað með í Stykkishólmi? Alls sögðust 105 eða rúmlega fjórðungur vera með viðskiptahugmynd. Það vekur vonir um að fjölga megi störfum í Stykkishólmi ef vel er á málum haldið.

Af þeim sem töldu sig vera með viðskiptahugmynd töldu 36 sig mæta hindrunum við að hleypa þeim af stokkunum. Opin spurning um eðli hindrana bendir til að þær tengist helst fasteignamarkaðnum. Þá töldu 40 að utanáðkomandi aðstoð myndi auka líkurnar á að viðskiptahugmyndin yrði að raunveruleika. Opin spurning um eðli aðstoðar bendir til að aðstoðin tengist helst fjármögnun.

Starfshópurinn hvetur Stykkishólmsbæ til að hafa frumkvæði að því að ná til þeirra sem telja sig hafa viðskiptahugmynd og kanna hvernig bæjarfélagið geti aðstoðað við að raungera hugmyndirnar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir tillögum og hugmyndum sem starfshópurinn vill koma á framfæri við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar. Annars vegar er ein megingitillaga ásamt greinargerð sem snýr að stofnun Þekkingar- og rannsóknaseturs við Breiðafjörð með staðsetningu í Stykkishólmi. Hins vegar eru ýmsar aðrar tillögur um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi. Þar er að finna tillögur sem unnt er að koma fljótlega í framkvæmd, en

þarfnast stuðnings stjórnvalda. Einnig eru tillögur sem fela í sér tækifæri í auðlindanýtingu á svæðinu á næstu árum. Loks er að finna tillögur um styrkingu innviða til framtíðaruppbyggingar atvinnulífs.

2. MEGINTILLAGA

2.1. Stofnun Þekkingar- og rannsóknaseturs við Breiðafjörð

Starfshópur um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi leggur til að stofnað verði Þekkingar- og rannsóknasetur við Breiðafjörð sem hafi það að meginmarkmiði að stuðla að auknu klasasamstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila þannig að stuðla megi að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun á svæðinu, byggða á svæðisbundnum styrkleikum. Þekkingar- og rannsóknasetrið leggi áherslu á markvissa samvinnu aðila og styrki stoðkerfi frumkvöðla og nýsköpunar á sama tíma og gætt sé að verndun og sjálfbærri auðlindanýtingu.

Sérstök áhersla verði lögð á að efla menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun sem styðji við atvinnurekstur og að hafa frumkvæði að rannsóknaverkefnum og rannsóknastarfi sem tengjast nærumhverfinu og hvetji m.a. til sjálfbærrar nýtingu sjávarfangs og annarra auðlinda í og við Breiðafjörð. Áhersla verður einnig lögð á að efla rannsóknir á náttúrufari og samfélagi. Þá verður áhersla lögð á að nýta þekkingu og mannauð sem liggur innan þeirra stofnana sem mynda Þekkingar- og rannsóknasetur við Breiðafjörð til að móta öflugt nýsköpunarumhverfi og stuðla að fjölbreytni atvinnulífs í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu og í þágu samfélagsþróunar við Breiðafjörð. Samtímis verður lögð áhersla á að auka framboð og fjölbreytni náms fyrir íbúa svæðisins í samvinnu við háskóla, erlenda vísindamenn og nema.

Gert er ráð fyrir að setrið verði sjálfseignastofnun með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing verði í Stykkishólmsbæ. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

Til greina kemur að starfsvettvangur þekkingar- og rannsóknasetursins verði í Árnasetri í Stykkishólmi sem er í eigu fyrirtækja í Stykkishólmi. Þá er í eigu Stykkishólmsbæjar hentugt húsnæði þar sem vísindafólk sem starfar tímabundið við setrið getur búið meðan á dvöl þeirra í Stykkishólmi stendur.

Sveitarfélögum við Breiðafjörð verður boðið að gerast stofnaðilar þekkingar- og rannsóknasetursins. Fleiri aðilar geta komið að sem stofnaðilar eða samstarfsaðilar og

sem dæmi má nefna; Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Náttúrustofa Vesturlands, Minjastofnun Vesturlands, Hafrannsóknastofnun, Matís ohf., Sjávarrannsóknasetrið Vör, Sjávarorka ehf., Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjarðarstofa, Nýsköpunarnet Vesturlands, Símenntun Vesturlands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Náttúrufræðistofnun Íslands, Snæfell - félag smábátáeigenda á Snæfellsnesi, Bátafélagið Ægir í Stykkishólmi og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes. Ekki er ólíklegt að stofnaðilar eða samstarfsaðilar verði fleiri.

Stefnt er að því að Þekkingar- og rannsóknasetrið geri samning við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um árlegt rekstrarframlag þar sem nánar verða tilgreind markmið og starfsemi setursins. Samningurinn taki mið af og hafi hliðsjón af samningum mennta- og menningar- málaráðuneytisins við önnur þekkingarsetur á landsbyggðinni.

Stofnfé þekkingar- og rannsóknasetursins er lagt fram af stofnaðilum og ákvarðast á stofnfundi.

2.2. Greinargerð með megingtillögu

Þróun þekkingarsamfélagsins á landsbyggðinni hefur verið sú að þær stofnanir og fyrirtæki sem starfa á sviði þekkingaröflunar og miðunar auk rannsókna hafa safnast saman undir einu þaki í þeim tilgangi að efla samvinnu og skapa öflugt þekkingarsamfélag á landsbyggðinni og bæta lífsgæði á viðkomandi svæði. Hver stofnun eða fyrirtæki starfar sjálfstætt að undanskildum kostnaði við sameiginlegan rekstur og verkefni.

Ríkisvaldið leggur fjármagn til starfsemi átta þekkingarsetra á landsbyggðinni. Hlutverk þeirra er að efla þekkingarstarfsemi og rannsóknir í nærsamfélagi sínu sem byggir á svæðisbundinni sérstöðu samfélags, atvinnulífs og náttúru. Mikilvægt er að efla tengsl setranna við háskóla og rannsóknastofnanir, staðbundið atvinnulíf og samfélag með það að markmiði að efla dreifðar byggðir.

Umræðan um stofnun þekkingar- og rannsóknaseturs við Breiðafjörð er ekki ný. Jónas Guðmundsson, hagfræðingur tók saman skýrsluna *Þekkingarstörf og þróunarsetur í Stykkishólmi* sem kom út í janúar 2002. Skýrslan, sem var unnin fyrir Atvinnuráðgjöf Vesturlands og Stykkishólmsbæ, þar sem lýst er hugmynd að stofnun þróunarseturs í Stykkishólmi sem miðist við að efla sterka þætti í aðstæðum og umhverfi Stykkishólms.

Eitt af megin viðfangsefnum þekkingarseturs er að leiða samstarf þeirra stofnana og fyrirtækja sem þar starfa og stýra samstarfsverkefnum þeirra. Starfsemi setursins felur einnig í sér mótun og fjármögnun kjarnaverkefna sem unnin eru að frumkvæði og forsjá setursins. Mótun kjarnaverkefna miðast við að styðja við uppbyggingu sam-

félagsins og auka möguleika og lífsgæði svæðisins.

Í könnun meðal íbúa Stykkishólms sem vísað var til hér að framan kom m.a. fram að rúmlega fjórðungur segist vera með viðskiptahugmynd. Þekkingar- og rannsóknarsetur í Stykkishólmi er líklegt til að styðja við það að einhverjar þessara hugmynda raungerist.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs undir umfjöllun um byggðamál segir að „*stutt verður við þekkingarmiðstöðvar, rannsóknarsetur á landsbyggðinni, náttúrustofur og fjarheilbrigðisþjónustu í smærri byggðalögum.*“

Í gildandi byggðaaætlun er m.a. fjallað um að „*efla grunngerð og afl þekkingar- og rannsóknasetra sem byggjast á svæðisbundinni sérstöðu samfélags, atvinnulífs og/eða náttúru. Stuðlað verði að faglegum tengslum þeirra á milli og við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.*“ (Aðgerð A.3).

Framangreind tillaga um stofnun þekkingar- og rannsóknaseturs við Breiðafjörð á sér því stoð í sáttmála ríkisstjórnarinnar, nýsköpunarstefnu stjórnvalda og gildandi byggðaaætlun. Þá mun starfsemi setursins samræmast vel markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum, matvælastefnu, fæðuöryggisstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Mikilvægt er að víkka út rannsóknir á sjávarfangi og öðrum auðlindum við Breiðafjörð með það í huga að efla þar atvinnurekstur á grundvelli sjálfbærrar nýtingar. Þekkingar- og rannsóknasetri við Breiðafjörð er ætlað að vera miðstöð öflugra rannsókna- og þróunarstarfsemi með áherslu á sérstöðu auðlinda Breiðafjarðar og styðja við núverandi atvinnustarfsemi og margháttaða uppbyggingu á nýrri atvinnustarfsemi við Breiðafjörð á grundvelli sjálfbærrar nýtingar. Setrið hafi frumkvæði að rannsókna- og þjónustuverkefnum á sérsviði þess. Helstu auðlindir eru:

- Auðlindir sem felast í lífríki sjávar í og við strendur Breiðafjarðar, þ.m.t. nýting auðlinda til ræktunar og orkuframleiðslu.
- Auðlindir sem tengjast náttúru, jarðfræði, sögu og öðrum sérkennum Breiðafjarðar.

Með rannsóknar- og vísindastarfi er jafnframt horft til svæðisbundinna tækifæra til þess að ná árangri í loftslagsmálum. Þar má nefna bindingu gróðurhúsalofttegunda og til langvarandi áhrifa sem loftlagsbreytingar hafa á hafið og vistkerfi þess með áherslu á lífríki Breiðafjarðar, þ.m.t. breytileika í straumum, hita og seltu hafsins og þau áhrif sem það getur haft á eiginleika til sjávar og stranda. Þá er stefnt að samstarfi vísindamanna og stofnana á allþjóðlegum vettvangi um málefni norðurslóða.

Aðstaða til háskólanáms er ekki til staðar á Snæfellsnesi. Þekkingar- og rannsóknasetur tengt vísindafólki innan háskóla eða rannsóknastofnana laðar til sín meistara- og doktorsnema. Þá eru háskólanemar sem geta stundað nám sitt að hluta í heimabyggð líklegri til að velja sér þar starfsvettvang en þeir nemar sem stunda sitt háskólanám fjarri heimabyggð. Setrinu er því m.a. ætlað að búa háskólanemendum sem þess óska aðstöðu til að koma saman og stunda að hluta nám sitt í heimabyggð.

Fjölbreytt atvinnustarfsemi við Breiðafjörð nýtir sjávarauðlindir í og við strendur Breiðafjarðar. Þar vega þyngst sjávarútvegsfyrirtæki sem vinna afurðir úr bolfiski. Einnig má nefna að grásleppuveiðar í innanverðum Breiðafirði hafa verið þær umfangsmestu á Íslandi. Á svæðinu eru starfandi fyrirtæki sem vinna afurðir úr ýmsum tegundum þörunga, bláskel, kuðungum, ígulkerum, hörpuskel og fleiri sjávardýrum.

Óviða í heiminum er að finna jafn fjölbreytta náttúru og á Snæfellsnesi. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og hefur um langan aldur verið starfrækt í Stykkishólmi. Sérkenni Stykkishólms og Snæfellsness sem tengist ferðaþjónustu er staðsetning í næsta nágrenni við „matarkistu Breiðafjarðar“ og mannlíf í Breiðafjarðareyjum allt fram yfir miðja síðustu öld. Eftir að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 hefur ferðaþjónustan dafnað mjög í nágrenni hans.

Stórhluti rannsókna á auðlindum Íslands er fjármagnaður með styrkjum úr samkeppnissjóðum, innlendum og erlendum. Því er mikilvægt að við setrið í Stykkishólmi sé víðtæk þekking og reynsla varðandi hvernig best er að byggja upp styrkumsóknir í samkeppnissjóði. Loks er mikilvægt að setrið tengist erlendum stofnunum og háskólum sem sinna hliðstæðum rannsóknum og eiga sér m.a. stað í setrinu.

Rannsóknnum fylgir m.a. gagnavinnsla, gagnageymsla, úttektir, ráðgjöf og niðurstöður. Oft er flókið ferli að komast að niðurstöðu um ráðgjöf. Því er mikilvægt að burðugar rannsóknarstofnanir standi að baki setursins í Stykkishólmi svo starfsemi þess megi vaxa og dafna.

Tenging tillögu við markmið stjórnvalda samkvæmt stefnu ríkisins í byggðamálum:

A. Aðgengi að þjónustu.

- c. Aðgengi landsmanna að grunnþjónustu verði jafnað og kostnaður við að sækja afþreyingu til höfuðborgarinnar verði lækkaður.
- g. Áfram verði unnið að þróun dreifnáms á framhaldsskólastigi.
- h. Grunngerð fræðsluneta og símenntunarstöðva verði eflað með það að markmiði að bæta tæknilegan útbúnað stöðvanna, aðstöðu til fjarnáms og aðgengi

að námsráðgjöf og að auka getu stöðvanna til að mæta þörfum nemenda fyrir þjónustu.

- i. Tekið verði tillit til ólíkrar stöðu einstakra aðila sem koma að framhaldsfræðslu á landsbyggðinni, m.a. hvað varðar grunngerð stöðvanna og nauðsyn dreifðrar þjónustu.
- k. Sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra verði hvött til að skoða möguleikana á því að styrkja rekstur safna, setra og sýninga með sameiningu eða samrekstri.
- m. Mótun verði stefna um opinbera þjónustu með það að markmiði að íbúar landsins, óháð búsetu, njóti sama aðgengis að grunnþjónustu.

B. Tækifæri til atvinnu.

- g. Veitt verði betra aðgengi að fjármagni til nýsköpunar.
- j. Metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.
- k. Stuðlað verði að aukinni fullvinnslu afurða í héraði.
- n. Unnin verði stefnumótun og skilgreining á hlutverkum menningarmiðstöðva og sambærilegra stofnana á landsvísi líkt og gert er í nágrannalöndunum.
- o. Gætt verði að misræmi milli þarfa atvinnulífs og framboðs háskólamenntaðra, eða svokölluðu færnimisræmi.

C. Sjálfbær þróun byggða um land allt.

- h. Háskólar leggi áherslu á fjölbreytt framboð námsleiða í fjarnámi. Háskólar efli enn frekar samstarf sitt um sameiginlegar prófgráður svo að nemendum gefist fleiri tækifæri til að setja saman nám sitt að eigin vali.
- o. Fræðilegar rannsóknir á sviði byggðamála verði eflaðar til grundvallar allri stefnumótun.
- q. Matvælaframleiðsla verði viðhaldið sem víðast um landið.

Tenging tillögu við aðgerðaáætlun til að tryggja framgang markmiða byggðaáætlunar (stefnumótandi byggðaáætlun og aðgerðaáætlun í byggðamálum):

A.3. Efling rannsókna og vísindastarfsemi.

A.16. Hagnýting upplýsingatækni til háskólanáms.

A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.

B.5. Nýsköpun í matvælaíðnaði

B.9. Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land.

B.14. Fjármagn til nýsköpunar.

B.16. Nýting menningarminja.

B.18. Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu.

C.1. Sértek verkefni sóknarættlanasvæða.

C.9. Náttúruvernd og efling byggða.

C.10. Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.

2.3. Stofnun Þekkingar- og rannsóknarseturs við Breiðafjörð – næstu skref

Næstu skref varðandi stofnun Þekkingar- og rannsóknarseturs við Breiðafjörð eru eftirfarandi:

- Hugmyndin um stofnun sjálfseignarstofnunar kynnt háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og ríkisstjórn Íslands.** Þess farið á leit við ráðherra og ríkisstjórn að gerður verði samningur um rekstrarframlag líkt og við önnur þekkingarsetur á landsbyggðinni.
- Hugmyndin að stofnun Þekkingar- og rannsóknarsetri við Breiðafjörð** kynnt þeim stofn- og samstarfsaðilum sem upp eru taldir í tillögunni hér að framan og leitað eftir aðkomu þeirra að setrinu.
- Stofnfundur sjálfseignarstofnunar** um rekstur setursins fyrri hluta árs 2022 að undangengnum viðræðum við æskilega stofnaðila. Þar verði samþykkt skipulagsskrá og kosið í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.
- Samningur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis** við Þekkingar- og rannsóknasetur við Breiðafjörð um ráðstöfun rekstrarframlags á árinu 2022 undirritaður á fyrri hluta árs 2022.
- Auglýst eftir forstöðumanni setursins** þegar samningur við vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur verið undirritaður. Áhersla verði lögð á að fá dugmikinn einstakling sem hefur áhuga á uppbyggingu setursins og frumkvæðisvilja og eigi gott með að vinna með öðrum sérfræðingum í samstarfsneti setursins. Forstöðumaðurinn hafi starfsstöð sína og búsetu í Stykkishólmi. Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu í að sækja um rannsóknastyrki í innlenda og erlenda samkeppnisjóði.

3. AÐRAR TILLÖGUR UM EFLINGU ATVINNULÍFS Í STYKKISHÓLMI

3.1. Stuðningur stjórnvalda við núverandi atvinnulíf

3.1.1. Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji stjórnvöld til að laus störf hjá ríkinu verði auglýst án ákveðinnar staðsetningar og að ríkisstarfsmönnum verði veitt almenn heimild til þess að flytja starf sitt út á land.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur fram að til að styðja við byggðaðróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. Nýleg skýrsla þriggja ráðuneyta um störf án staðsetningar gefur góða mynd af viðhorfi forstöðumanna ríkisstofnana og ráðuneyta til að skilgreina störf án staðsetningar. Hvetja þarf forsvarsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana til að auglýsa í ríkari mæli laus störf óháð staðsetningu. Enn fremur er mikilvægt að ráðherrar og forstöðumenn ríkisstofnana greiði fyrir því að starfsmenn geti flutt starf sitt með sér og unnið án tillits til staðsetningar.

Í Stykkishólmi er starfsaðstaða fyrir allt að 30 manns ásamt sameiginlegri fundaraðstöðu, kaffiaðstöðu og ljósleiðaratengingu. COVID-faraldurinn leiddi í ljós að hægt er að sinna mörgum störfum á vegum ríkisins og einkaaðila utan höfuðstöðva þar sem góð vinnuaðstaða er fyrir hendi.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlunar í byggðamálum):

- B.7. Störf án staðsetningar.
- B.8. Fjarvinnslustöðvar.
- B.9. Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land.

3.1.2. Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji stjórnvöld til að finna verkefnum á vegum ríkisins stað í Stykkishólmi.

Störfum ríkisins í Stykkishólmi hefur farið fækkandi undanfarin ár og fá ný ríkisstörf bæst við. Að hluta til er þessi fækkun vegna hagræðingar í rekstri, sbr. fækkun starfa á sviði heilbrigðismála. Í Hagvísi um störf á vegum ríkisins á Vesturlandi, sem Vífill Karlsson, hagfræðingur, tók saman fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, er fjallað um hlutfallslegan fjölda ríkisstarfa á Vesturlandi

og í einstökum sveitarfélögum innan landshlutans. Þegar breyting ríkisstarfa var t.d. skoðuð eftir sveitarfélögum á Vesturlandi árin 2013 til 2018 er ljóst að hvergi fækkaði ríkisstarfsmönnum eins mikið og í Stykkishólmi eða um 24,3%.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur fram að ríkisstjórnin muni setja sér markmið um hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni. Æskilegt er að huga að nýjum verkefnum við starfstöðvar ríkisins í Stykkishólmi, m.a. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Samgöngustofu, Háskóla Íslands, Fiskistofu, embætti Lögreglunnar á Vesturlandi og embætti Sýslumannsins á Vesturlandi enda er húsnæði þessara stofnana í Stykkishólmi vannýtt. Sama má segja um RARIK sem er opinbert hlutfélag.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðáætlun og aðgerðáætlun í byggðamálum):

- B.7. Störf án staðsetningar.
- B.8. Fjarvinnslustöðvar.
- B.9. Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land.

3.1.3. Lagt er til að Stykkishólmsbær styðji við aðlögun nýbúa/innflytjenda sem koma til starfa hjá fyrirtækjum í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skipaði árið 2021 starfshóp sem ætlað er að gera tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum nýrra íbúa í Stykkishólmi með áherslu á fjölmenningu. Lagt er upp með að um sé að ræða samvinnuverkefni hins opinbera (ríkis og sveitarfélags), atvinnulífs og félagasamtaka. Á grunni vinnu starfshópsins verður mótuð framtíðarskipan í málefnum nýrra íbúa í Stykkishólmi, með áherslu á fjölmenningu. Markmið með stefnumótuninni er m.a. að þeir sem til bæjarins flytja hafi aðgengilegar upplýsingar um þjónustu sem er í boði í Stykkishólmi, hvort sem það er á vegum sveitarfélagsins, félagasamtaka eða annarra. Þegar nýbúar af erlendu bergi brotnu flytja í Stykkishólmi liggja fyrir ákveðið ferli sem miðar að því að taka utan um þennan hóp og hjálpa honum að aðlagast samfélaginu sem fyrst.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðáætlun og aðgerðáætlun í byggðamálum):

- A.13. Nærþjónusta við innflytjendur.

3.1.4. Lagt er til að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða og að skipum verði sett svæðisbundin aflahlutdeild í grásleppu.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að gera þurfi breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða, enda eru hagsmunir sveitarfélagsins ríkir. Grásleppuveiðar í innanverðum Breiðafirði sem stundaðar hafa verið af sjómönnum í Stykkishólmi eru þær umfangsmestu á Íslandi. Af 5.000 tonna heildarafla í grásleppu árið 2019 var 30% hans veiddur við innanverðan Breiðafjörð og í Stykkishólmi var 22% af öllum grásleppuafla landsins landað. Hlutfall grásleppu í lönduðum heildarafla í Stykkishólmshöfn nam 35% árið 2019. Þá hafa í Stykkishólmi verið starfandi hrognkelsavinnslur. Samtals má áætla að um 100 störf tengist umræddri atvinnugrein í Stykkishólmi í kringum hverja vertíð. Því er ljóst hversu ríka hagsmuni íbúar og hagaðilar í Stykkishólmi, þ.m.t. Stykkishólmsbær, hafa af framtíð hrognkelsaveiða.

Veiðitímabil grásleppu er mismunandi eftir svæðum og hefst það seinni hluta mars fyrir Norðurlandi en ekki fyrr en um 20. maí við innanverðan Breiðafjörð. Vorið 2020 var búið að veiða leyfilegt magn í lok apríl. Endurspegladist vel á því ári hversu núverandi fyrirkomulag skerðir mjög samkeppnisstöðu greinarinnar við Breiðafjörð og ýtir undir ómálefnalega mismunun milli svæða.

Þáverandi sjávarútvegsráðherra brást við þessum vanda með því að leggja fram frumvarp á Alþingi þar sem m.a. var heimild til að ákveða staðbundin veiðisvæði við grásleppuveiðar og setja skipum aflahlutdeild í grásleppu með tilliti til aflareynslu viðkomandi skips. Leggja þarf fram og lögfesta efnislega samhljóða frumvarp hvað varðar fyrirkomulag grásleppuveiða. Núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar með sóknarmarki, þar sem dagafjöldi og/eða stöðvun veiða þegar afli er kominn yfir ráðlagðan hámarksafla samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar, er ekki til þess fallin að tryggja samfélagslega, líffræðilega eða efnahagslega sjálfbærni þegar til framtíðar er litið. Slík stjórnun er hamlandi fyrir frekari nýsköpun og nýliðun í greininni.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur lagt áherslu á að sú veiðistjórn sem felst í hlutdeildarsetningu hrognkelsaveiða muni koma til með að efla þær byggðir landsins sem þessar veiðar stunda og tryggja efnahagslega, samfélagslega og líffræðilega sjálfbærni í sem mestri sátt við umhverfið. Í því sambandi hefur verið bent á að hlutdeildarsetning hrognkelsaveiða tryggi ábyrgari fiskveiðistjórn, hættuminni sjósókn, betri nýtingu veiðafæra og að veiðar falli betur að umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum. Umgengni um auðlindina mun batna til muna með hlutdeildarsetningu, m.a. draga úr olíunotkun, fækka netum í

sjó og þar með tjónum á netum (drauganetum í sjó) og minna verður um óaskilegan meðafla. Það er ekki síst á grundvelli umhverfis- og náttúrverndarsjónarmiða sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur stutt hlutdeildarsetningu hrognkelsaveiða.

Bent hefur verið á að vel á annað hundrað bátar hafa hætt veiðum á grásleppu á síðustu árum, en um 210 bátar stunduðu veiðar á síðasta ári, af þeim 449 bátum sem rétt hafa haft til grásleppuveiða frá árinu 1997. Með óbreyttu kerfi og áframhaldandi þróun, sem ekkert bendir til að muni breytast, munu einungis nokkrir tugir bátar stunda veiðarnar eftir 10-15 ár.

3.1.5. Lagt er til að fyrirkomulagi ígulkeraveiða og annarra hryggleysingja verði breytt þannig að þeim verði ekki stjórnað með sóknarmarki heldur verði tekin upp heimild til að svæðisbinda aflahlutdeild staðbundinna nytjastofna hryggleysingja.

Með slíkri breytingu væri verið að tryggja rekstraröryggi fyrirtækja og atvinnuöryggi starfsmanna, sér í lagi vegna þess fyrirsjáanleika og öryggis er varðar veiðar. Það verður ekki gert með kappveiðum líkt og núverandi kerfi bíður upp á. Á sínum tíma var svæðisbundið aflamark sett á rækjuveiðar.

Svæðisbundin aflahlutdeild er lykilatriði svo að fyrirtæki geti tryggt betur þá markaði og markaðssvæði sem það hefur náð fóttfestu á. Í einhverjum tilfellum er um að ræða ferska markaði og eðli málsins samkvæmt þarf að vera ákveðinn fyrirsjáanleiki í öflun hráefnis þannig að hægt sé að gera þá samninga sem þarf til að halda rekstri gangandi út vertíð með eðlilegum hætti.

Svæðisbundin aflahlutdeild ýtir undir að fyrirtæki geti stundað vörubrúun og nýsköpun tengdum veiðum og vinnslu á þessum tegundum og með það í huga að hámarka verðmæti aflans. Þessi sjónarmið eiga einnig við um grásleppuveiðar.

3.1.6. Lagt er til að svæðisbundnar skelbætur verði gerðar varanlegar í formi aflahlutdeildar, skilyrðisbundin við Stykkishólmi og Grundarfjörð.

Í Stykkishólmi hafa skelbætur skipt sköpum fyrir byggðafestu og hefur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar ávallt lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild.

Veiðar á hörpudisk hófust á Breiðafirði í kringum 1970 og jukust jafnt og þétt með aukinni tæknivæðingu og fjárfestingu þeirra sem veiðarnar stunduðu. Veidd voru um 7-12 þúsund tonn að jafnaði á síðustu áratugum

síðustu aldar. Í Stykkishólmi var landað um 8.000 tonnum af hörpudiski árið 1998. Alls höfðu 124 einstaklingar beina afkomu af veiðum á hörpudiski. Árið 2003 var aflinn kominn niður fyrir 1.000 tonn. Það ár var lagt bann við frekari veiðum á hörpudiski. Á næstu 5 árum fækkaði íbúum Stykkishólms um rúmlega 100.

Þegar aflaheimildir í skel voru kvótasettar á sínum tíma voru veiðiheimildir viðkomandi báta í botnfiski skertar varanlega á móti. Um var að ræða umdeilda og mjög alvarlega aðgerð gagnvart þeim útgerðum sem stunduðu hörpudiskveiðar og höfðu lagt í mikinn kostað við þróun þeirra veiða á árunum 1970 til 1984 en höfðu jafnframt stundað botnfiskveiðar. Skipin sem stunduðu hörpudiskveiðar höfðu ekki tók á að afla sér aukinnar veiðireynslu þann tíma sem hörpudiskveiðar voru stundaðar. Skerðingin var því í raun og veru meiri þegar á heildina er litið. Skerðingin var umtalsvert inngríp í forsendur útgerða. Skerðing vegna skelveiða var reyndar mun meiri en var látin gilda um aðrar tegundir svo sem rækju og uppsjávarfisk – eða um 35% í skelveiðum.

Það var því góð og eðlileg ráðstöfun á sínum tíma að koma til móts við fyrirtækin og samfélagið með því að veita svokallaðar skelbætur í formi aflaheimilda í bolfiski. Þess ber jafnframt að geta að handhafar skelkvótans í Stykkishólmi eru þeir sömu nú og voru við hrun veiðanna árið 2003. Skelkvóti hefur aldrei verið seldur né leigður frá Stykkishólmi og bætur í bolfiski til Stykkishólms vegna skelveiðibannsins aldrei verið leigðar frá Stykkishólmi og ávallt veiddar af heimabátum. Þeir aðilar í Stykkishólmi sem bæturnar fá hafa rekið saltfiskverkun ásamt útgerð. Í dag rekur Þórsnes ehf. einu bolfiskvinnsluna í Stykkishólmi og starfsemi þess skiptir miklu fyrir samfélagið.

Hér er um að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og fyrirtækin sem reka útgerð og fiskvinnslu og nýta aflaheimildirnar sem hafa fylgt skelbótunum. Það er skýr afstaða Stykkishólmsbæjar að festa verður varanlega þann veiðirétt sem hefur fylgt skelbótunum og var á sínum tíma byggður upp af heimildum sem skipin höfðu í skelkvóta.

Í apríl 2019 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun þessara aflaheimilda. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra þann 18. febrúar 2020. Þar er m.a. lagt til að skel- og rækjubætur falli niður og að gert verði upp við þá handhafa skel- og rækjubóta sem sannað geta að þeir hafi gefið frá sér aðrar aflahlutdeildir í skiptum fyrir skel- eða rækjuveiðileyfi og hafi ekki selt frá sér viðkomandi heimildir í skel- eða rækju. Tryggja þarf að lagt verði til grundvallar í uppgjöri við handhafa skel- og rækjukvóta að sú aflahlutdeild sem komi í stað þeirrar aflahlutdeildar sem þeir létu frá sér á sínum tíma verði bundin við Stykkis-

hólm og Grundarfjörð þannig að aflinn verði að vera unnin á svæðinu.

3.2. Tækifæri í auðlindanýtingu á svæðinu á næstu árum

Tækifæri sem liggja í svæðisbundnum styrkleikum til eflingar atvinnulífs í Stykkishólmi eru einna helst í þeim félagslegu og náttúrulegu auðlindum sem hverfast um náttúru Breiðafjarðar. Stefnu stjórnvalda í byggðaáætlun er ætlað að stuðla að blómlegum byggðum um allt land.

3.2.1. Grænir iðngarðar - Starfshópurinn bendir á að tækifæri séu í að skipulag atvinnusvæðis við sitt hvorn enda flugvallarins í Stykkishólmi taki mið af hugmyndum um græna iðngarða.

Grænir iðngarðar (e. eco-industrial parks eða EIP) eru þar sem fjöldi ólíkra fyrirtækja kemur sér fyrir á einu skipulögðu svæði og hafa ávinning af nálægðinni hvort við annað, t.d. þegar eitt fyrirtæki nýtir úrgang eða afurðir annars fyrirtækis á svæðinu (sjá skýrsluna: Grænir iðngarðar – Tækifæri fyrir Ísland).

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur fram að ríkisstjórnin muni styðja við og greiða fyrir grænni atvinnuuppbyggingu, fjárfestingum og verkefnum sem stuðla að því að yfirlýstum markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum verði náð. Grænir iðngarðar eru hluti af grænni atvinnuuppbyggingu.

Vel heppnaður grænn iðngarður vinnur eftir viðskiptamódelum hringrásarhagkerfisins. Fullnýting afurða og sköpun nýrra afurða úr hráefni, sem fellur til sem úrgangur eða aukaafurð í annarri framleiðslu, eflir hringrásarhagkerfið, dregur úr sóun, flutningsþörf, og stuðlar að verðmætasköpun og velsæld án þess að ganga frekar á náttúruna.

Grænir iðngarðar og hringrásarhagkerfi eru ein leið til þess að byggja upp nýjan iðnað, skapa fjölbreytt störf og auka útflutningstekjur þar sem áhersla er á að draga úr losun, fanga, farga eða nýta það sem eftir stendur á sem sjálfbærastan hátt.

Stjórnvöld vinna, í samvinnu við Íslandsstofu, Landsvirkjun, KPMG og fleiri aðila, með ábendingar um umbætur og markvissara vinnulag til að efla samkeppnisstöðu Íslands og ýta undir þróun hringrásarhagkerfis og uppbyggingu grænna iðngarða. Verkefnið kallast Græni dregillinn og annast Íslandsstofa verkefnisstjórn þess.

3.2.2. Lagt er til að Stykkishólmsbær skori á matvælaráðherra að veita HAFRÓ viðbótarfjármagn til að rannsaka lífríki sjávar í innanverðum Breiðafirði svo unnt verði að meta, betur en nú er hægt, sjálfbæra nýtingu einstakra sjávartegunda.

Ýmsar tegundir þara og þörunga sem vaxa í innanverðum Breiðafirði eru eftirsóttar til að framleiða verðmæt matvæli og fæðubótavörur. Sama gildir um ígulker, grásleppu, krabbadýr og skelfisk.

Rannsóknir á magni og vistkerfi í sjávarlífríki Breiðarfjarðar eru af skornum skammti. Frekari rannsóknir eru forsenda aukinnar sjálfbærrar nýtingu einstakra tegunda og þar með aukins framleiðsluverðmætis. Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur fram að sett verði metnaðarfull markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi. Með öflugri, innlendri matvælaframleiðslu er stuðlað að heilnæmi matvara og auknu matvælaöryggi.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaáætlun og aðgerðaáætlun í byggðamálum):

- A.3. Efling rannsókna og vísindastarfsemi
- B.5. Nýsköpun í matvælaíðnaði
- B.14. Fjármagn til nýsköpunar.

3.2.3. Lagt er til að Stykkishólmsbær hefji undirbúning að skipulagi á aðstöðu fyrir jarðhitaböð og sjósund í Sundvík og bætri aðstöðu í Sundlaug Stykkishólms, einskona náttúruleg eða náttúrupotti, sem taki mið af sérstökum eiginleikum heita vatnsins.

Bæði þessi verkefni, sem byggja á eiginleikum heita vatnsins frá Hofstöðum, fela í sér stuðning við ferðaþjónustu í Stykkishólmi og nágrenni, sér í lagi heilsu- og vellíðunarferðaþjónustu, en vatnið frá Hofstöðum er með viðurkennda vottun á eiginleikum sínum. Sú vottun kemur frá þýskri stofnun, Institut Fresenius, sem sérhæfir sig í vatns- og umhverfisvottun. Segja þeir vatnið sérstaklega gott og þá einna helst við stoðkerfasjúkdómum en mæla einnig með því til drykkjar líkt og tíðkast víða í Evrópu. Þar drekka menn salt- og steinefnaríkt vatn sér til heilsubótar og til að hægja á öldrun.

Vatnið í Stykkishólmi hefur reynst mjög gott á psoriasis sár og exem og hefur veitt mörgum ágætis bata sem þjást af þeim sjúkdómum. Hafa menn komið víða að til að baða sig í vatninu og sumir jafnvel fengið flösku af vatni til að taka með sér heim.

Gerðar hafa verið fjölmargar úttektir á efna- og læknisfræðilegum eiginleikum og notagildi jarðhitavatns á Íslandi. Meginniðurstöður þeirra eru að salt jarðhitavatn, brennisteinsríkt og flúorríkt er að finna í talsverður mæli hér á landi. Vatnið í Stykkishólmi er á margan hátt sérstakt, það er basískt (pH 8,45) og inniheldur allmikið af uppleystum efnum, einkum natríumklóríð og kalsíum-sölt (þar á meðal eru sulföt). Vatnið er jafnframt líkt að efnainnihaldi því vatni sem frá forsögulegum tímum hefur verið notað til baða í baðstaðnum Baden Baden í Þýskalandi. Þar beinist það meðferð að stoðkerfis-sjúkdómum, einkum allskyns gigtarsjúkdómum, eftir meðferð vegna slysa/skurðaðgerða á beinum og liðum, eftir meðferð vegna lamana, eða til hjálpar sjúklingum með öndunarvegssjúkdóma.

3.2.4. Lagt er til að Stykkishólmsbær styðji við menningartengda ferðaþjónustu með því að draga fram og koma á framfæri sögu og menningu svæðisins og styðja við safnastarfsemi, í samstarfi við sveitarfélög á Snæfellsnesi og Svæðisgarðinn.

Í tillögunni felst að Stykkishólmsbær hafi frumkvæðið að því að koma á framfæri sögu og menningu svæðisins varpa ljósi á þann fjölda menningarminja sem eru á svæðinu og þann mikla menningararf sem svæðinu tengist. Vekja þarf áhuga á sögu svæðisins og upphafi byggðar í Stykkishólmi, Helgafellssveit og Breiðafirði. Mikilvægt er að hvetja til frumkvæðis einstaklinga, landeigendur, félagasamtök og fyrirtæki í að bæta, fegra og aðlaga umhverfi sitt, eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélagið, við að gera söguarfleifið Stykkishólms og Helgafellssveitar hærra undir höfði með sýnilegum hætti. Fyrir safna- og menningamálanefnd hafa t.a.m. verið lagðar tillögur að verkefnum í þessum efnum. Má þar nefna söguskilti við gömlu húsin, örnefni og fornminjar í Stykkishólmi og áttthagafræðslu ungmenna. Þá liggja fyrir upplýsingabæklingar m.a. um gömlu húsin í Stykkishólmi. Að störfum er jafnframt starfshópur um verslunar- og atvinnusögu Stykkishólms sem vinnur að tillögum og hugmyndum að því hvernig gera megi sýnilega bæjarbúum og ferðafólki þá þýðingu sem Stykkishólmur hefur haft sem verslunar- og samgöngumiðstöð við samfélagið við Breiðafjörð sem oft hefur verið nefnt «matarkistan Breiðafjörður».

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlun í byggðamálum):

- B.16. Nýting menningarminja.

- C.10. Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.
- B.14. Fjármagn til nýsköpunar.

3.2.5. Lagt er til að Stykkishólmsbær vinni áfram markvisst að því að bæta aðgengi íbúa og gesta að útivist og náttúruupplifun í sveitarfélaginu og styðji þannig við náttúrutengda ferðaþjónustu.

Í Stykkishólmi, Helgafellssveit og nágrenni er mikil náttúruvegur sem ýtir undir komur ferðamanna sem áhuga hafa á útivist og náttúruskoðun, auk þess sem mikil vakning er varðandi útivist meðal íbúa svæðisins. Starfandi hefur verið haftengd ferðaþjónusta í Stykkishólmi um árabíl sem hefur boðið upp á náttúrutengda ferðaþjónustu með ferðum um náttúruperluna og ævintýraheiminn sem Breiðafjörðurinn er. Þá er strandlengjan á svæðinu fjölbreytt og býður upp á margvíslega möguleika.

Mikilvægt er að Stykkishólmsbær vinni áfram markvisst að því að bæta aðgengi íbúa og gesta að útivist og náttúruupplifun í sveitarfélaginu og styðji við núverandi þjónustu. Það má gera með því að auka aðgengi að úti- vistar og göngustígum, merkja gönguleiðir og koma upp leiðavísingum og upplýsingaskiltum þar sem við á.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlun í byggðamálum):

- C.9. Náttúruvernd og efling byggða.
- C.10. Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

3.2.6. Lagt er til að Stykkishólmsbær frumgreini möguleika til strand- og landeldis á svæðinu.

Stykkishólmur á sér langa atvinnusögu tengdum sjávarútvegi eins og flestar byggðir landsins. Á næstu árum er gert ráð fyrir að miklar breytingar munu eiga sér stað í þessum grunnatvinnuvegi landsins og mikilvægt að greina ný tækifæri tengdum sjávarútvegi.

Fiskeldi er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og bendir flest til þess að eldisstarfsemi haldi áfram að vaxa enda gera áætlanir markaðsaðila ráð fyrir að vöxtur á heimsframléiðslu fisks verði á komandi árum drifinn af vaxandi eldi á hvítfiski og sjálftæknivæðingu.

Mikilvægt er að kortleggja nánar fiskeldistækifæri á svæðinu, hvort sem er al- eða áframeldis, annars vegar með því að greina þau tækifæri með tilliti til vatns- og orkuþarfa og hins vegar með tilliti til möguleika fyrirtækja á svæðinu til þess að nýta innlenda fóðurgjafa sem falla til við vinnslu á sjávarafurðum á svæðinu. Getur slík starfsemi

skapað tækifæri til atvinnu- og verðmætasköpunar í Stykkishólmi á grunni sjálfbærrar nýtingar auðlinda og hugmyndafræði grænna iðngarða. Slík greining myndi nýtast í stefnumörkun bæjarins í atvinnu- og skipulagsmálum.

3.3. Styrking innviða til framtiðaruppbyggingar atvinnulífs

Mikilvægt er að uppbygging innviða styðji við atvinnulíf svæðisins og að hið opinber tryggi að sköpuð verði bestu möguleg skilyrði til uppbyggingar þannig að byggja megi sterk og öflug atvinnufyrirtæki og efla þannig atvinnulíf og byggð á svæðinu.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er víða getið um að styrkja innviði með áherslu á græna orkuframleiðslu sem styðji við loftslagsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Einnig er þess getið að markvisst verði unnið að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja við atvinnu- og byggðapróun.

3.3.1. Lagt er til að Stykkishólmsbær skori á heilbrigðisráðherra að veita fjármagni til þess að ráðast í endurhönnun og uppbyggingu á 4. hæð St. Fransiskusspítala til þess að skapa bakdeildinni aðstöðu til eflingar heilsutengdrar ferðaþjónustu í Stykkishólmi.

Við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi er starfrækt bakdeild sem sinnir á landsvísu sjúklingum með bakvandamál. Eftirspurn eftir þjónustunni hefur verið mikil. Húsakostur heilbrigðisstofnunarinnar er vannýttur og gefur tækifæri til að efla bakdeildina, sem mikilvægan hlekk í komandi sókn í heilsu- og vellíðunarferðaþjónustu. Tryggja þarf fjármagn til reksturs bakdeildarinnar þannig að deildin geti eflst enn frekar og mætt þeirri eftirspurn sem er eftir þjónustu hennar. Á sama tíma er nauðsynlegt að ráðast í endurhönnun og uppbyggingu á 4. hæð St. Fransiskusspítala til þess að skapa bakdeildinni aðstöðu til að sinna sinni þjónustu.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlun í byggðamálum):

- A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.
- A.20. Aðgangur að þjónustu sérfræðilækna.

3.3.2. Lagt er til að Stykkishólmsbær skori á heilbrigðisráðherra að veita fjármagni til þess að setja upp fjarheilbrigðisþjónustu í Stykkishólmi.

Til að tryggja búsetuskilyrði í Stykkishólmi og nágrenni er mikilvægt að íbúnum standi til boða að nýta sér fjarheilbrigðisþjónustu. Með bættri upplýsinga- og fjarskiptatækni er unnt að veita þjónustu án þess að sjúklingur og sérfræðilæknir séu á sama stað. Heilbrigðisstarfsmenn í Stykkishólmi geta aðstoðað sérfræðinga við einstaka aðgerðir og skoðanir. Þetta getur sparað heilbrigðiskerfinu og sjúklingnum kostnað og tíma, ásamt því að minnka álag á heilbrigðisstofnunum. Fyrst og fremst mun þetta koma til með að jafna aðgengi íbúa svæðisins að almennri og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og styðja þannig við byggðapróun og búsetuskilyrði.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlun í byggðamálum):

- A.5. Fjarheilbrigðisþjónusta.
- A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.
- A.19. Aðgangur að geðheilbrigðisþjónustu.
- A.20. Aðgangur að þjónustu sérfræðilækna.

3.3.3. Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji samgöngufyrirvöld til að tryggja aukið fjármagn til uppbyggingar Skógarstrandarveggar árin 2023 og 2024.

Skógarstrandarvegur er stofnvegur samkvæmt skilgreiningu í samgönguáætlun og er hluti af grunnneti samgangna á Íslandi. Vegurinn ætti því að vera í forgangi við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun.

Núverandi malarvegur um Skógarströnd var lagður fyrir um 60 árum og var á þeim tíma veruleg samgöngubót á milli Stykkishólms og Dalasýslu. Á síðustu öld sóttu Dalamenn verslun og þjónustu að verulegu leyti til Stykkishólms. Þessi viðskipti hafa að stærstum hluta flust til annarra staða samhliða uppbyggingu heilsársvega frá Búðardal í allar áttir aðrar en vesturs.

Ástand Skógarstrandarveggar hefur verið heftandi fyrir uppbyggingu búsetu og ferðaþjónustu á Skógarströnd, en vegurinn er afar mikilvægur hvað varðar búsetu, vinnu- og skólasókn á svæðinu. Bættar samgöngur um Skógarströnd munu efla byggðir í kringum svæðið og leiða til aukinnar samvinnu milli sveitarfélaga og jafnvel sameiningar þeirra. Án bættra samganga um Skógarströnd er óraunhæft að ræða um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellnesi og Dalabyggðar.

Tækifæri til sóknar í byggðarlögum sem búa við viðvarandi fólksfækkun, líkt og í Dalabyggð, Reykhólum og Ströndum, eru helst talin vera í ferðabjónustu og að byggja á því sem fyrir er í landbúnaði. Bættar samgöngur og aukin fjölbreytni í atvinnulífi eru forsendur eflingar svæðisins. Skortur á bundnu slitlagi á mikilvægum stofnvegum hamlar því að svæðið geti virkað sem eitt atvinnusvæði. Markmið um jákvæða byggðapróun, í samræmi við fyrirliggjandi samgönguáætlun (bls. 6), þar sem stefnt er að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum, styrkir þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni. Markmið samgönguáætlunar er jafnframt að auka búsetugæði með því að bæta samgöngur innan og milli skilgreindra vinnusóknarsvæða og stækka þau þar sem hægt er.

Lagning bundins slitlags á Skógarstrandarveg mun efla fjölbreytta atvinnu á svæðinu, bæta samkeppnishæfni þar sem aðgangur að þjónustu nærliggjandi svæða verður betri og stækka fyrirliggjandi vinnusóknarsvæði. Vegurinn hefur í raun virkað sem hraðahindrun á atvinnuþróun og uppbyggingu á svæðinu og er ástand hans í dag er óboðlegt og hefur verið lengi.

Í Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020 er Skógarstrandarvegur skilgreindur sem mjög mikilvægur með tilliti til uppbyggingar ferðabjónustu og framþróun ferðamála á Vesturlandi. Þá er sérstaklega tiltekið í áætluninni að ein af helstu ógnunum í ferðabjónustu á Vesturlandi sé óboðlegt ástand vegarins, enda leiðir það af sér minni umferð um veginn og hamlar þar með framþróun ferðamála. Sveitarfélög á Vesturlandi hafa lagt þunga áherslu á ljúka hönnun og lagningu bundins slitlags á Skógarstrandarveg.

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er lögð áhersla á að þegar dregið verði úr eignarhaldi ríkisins í fjármálakerfinu verði þeir fjármunir nýttir í uppbyggingu innviða. Því er gerð sú krafa að þeir fjármunir verði meðal annars nýttir til fullfjármögnunar vegarins, þ.m.t. þverun Álfafjarðar.

Tenging tillögu við markmið ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlun í byggðamálum):

B. Tækifæri til atvinnu.

- a. Fjármunir verði tryggðir til framkvæmda á tillögum í samgönguáætlun, einkum hvað varðar innanhéraðsvegi, tvíbreiðar brýr og öruggar samgöngur á grundvelli vinnu- og þjónustusóknarsvæða og stækkunar þeirra.

3.3.4. Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji samgöngufirvöld til að hefja nú þegar undirbúning að breytingu á hafnarmannvirkum, ferjubrúum og dýpkun hafna í Stykkishólmi og á Brjánslæk með það að markmiði að ný og öflug ferja sem mætir þörfum atvinnulífs hefji siglingar eins fljótt og verða má.

Ný ferja er í samræmi við ákvæði í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um orkuskipti í ferju-samgöngum. Um langan aldur hefur Stykkishólmur verið verslunar-, þjónustu og samgöngumiðstöð við Breiðafjörð. Ferjan Baldur er þjóðbraut á milli Stykkishólms og Vestfjarða, hvað varðar flutninga með fiskafurðir, bíla og fólk. Núverandi ferja er komin til ára sinna og er einungis búin einni aflvél.

Í ályktun Haustþings SSV 2021 kemur fram að „Breiðafjarðarferjan Baldur er í lykilhlutverki varðandi samgöngur við Breiðafjörðinn. Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir atvinnulíf og samgöngur á milli Vestfjarða og Vesturlands. Þrátt fyrir endurbætur á vegakerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum er mikilvægt að rekstri Baldurs verði ekki hætt. Nauðsynlegt er að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og hefji siglingar eins fljótt og verða má“. Samskonar áherslur er að finna í ályktunum Vestfjarðarstofu, sveitarfélaganna við Breiðafjörð og Samtaka atvinnurekanda á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá er mikilvægt að flýta uppbyggingu innviða fyrir rafvæðingu, þ.m.t. aðgengi að raforkutengingum í höfnum.

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaaætlun og aðgerðaaætlun í byggðamálum):

- A.15. Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum.
- B.2. Flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi.

3.3.5. Lagt er til að ríkisvaldið tryggi raforkuöryggi á svæðinu og að lögð verði 132 kv. lína frá Vogaskeiði að Glerárskógum í Dalabyggð.

Raforkuöryggi stendur atvinnuuppbyggingu á svæðinu fyrir þrífum, en afhendingaröryggi raforku er ekki nægjanlegt til þeirra notenda sem fyrir eru. Haustþing SSV 2021 ályktaði um að brýnt væri að styrkja flutningskerfi til að auka stöðugleika í afhendingu. Ný 132 kv. lína frá Vatnshömrum að Vogaskeiði og ný 132 kv. lína frá Vogaskeiði að Glerárskógum í Dalabyggð er forsenda fyrir framtíðarorkuskiptum í samgöngum á landi og haftengdri starfsemi

á Snæfellsnesi. Þegar endurnýjun á Vegamótalinu 1, með 132 kv. línu, er einnig lokið verður hægt að tryggja afhendingaöryggi og aflgetu og þar með að mæta framtíðareftirspurn atvinnulífs og samfélags á Snæfellsnesi og Dalabyggð.

Tenging tillögu við markmiða ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaáætlun og aðgerðaáætlunar í byggðamálum):

- **B. Tækifæri til atvinnu.**
- o *b. Flutnings- og dreifikerfi raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og öryggi við afhendingu og kostir smávirkjana verði kannaðir.*

Tenging tillögu við stefnu og aðgerðaráætlun ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaáætlun og aðgerðaáætlunar í byggðamálum):

- A.14. Jöfnun orkukostnaðar.
- B.2. Flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi.

3.3.6. Lagt er til við samgönguþyrifvöld að styðja við vega- og hafnabætur í Stykkishólmi til að mæta þörfum atvinnulífs vegna fyrirhugaðrar þangnýtingar.

Hugmyndir og áform um sjálfbæra nýtingu auðlinda Breiðafjarðar og atvinnuuppbyggingu í Stykkishólmi í tengslum við nýtingu sjávargróðurs hafa verið til umræðu og meðferðar hjá Stykkishólmsbæ um nokkurra ára skeið. Í því sambandi hefur verið bent á að slík atvinnustarfsemi muni koma til með að styrkja búsetuskilyrði á svæðinu, auka fjölbreytni í atvinnulífi og styrkja rekstrargrundvöll margra þjónustufyrirtækja, ásamt því að efla rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar og sjálfbæra nýtingu sjávarfangs úr Breiðafirði til aukinnar verðmætasköpunar.

Áformað er að hefja atvinnuuppbyggingu í Stykkishólmi í tengslum við auðlindanýtingu þangs í Breiðafirði á þessu ári (2022). Ráðast þarf í uppbyggingu tæplega kílómeters langs héraðsveggar til að tengja atvinnustarfsemina við þjóðveginn. Einnig þarf að ráðast í endurbætur og viðgerð á stálþili í Skipavíkurhöfn svo unnt sé að skipa upp nýskornu blautu þangi og flytja á vinnslustað. Vegabætur eru áætlaðar að kosti 70-100 m.kr. og hafnabætur eru taldar kosta 30-50 m.kr.

Tenging tillögu við stefnu ríkisins í byggðamálum (stefnumótandi byggðaáætlun og aðgerðaáætlunar í byggðamálum):

- A.15. Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum.
- B.5. Nýsköpun í matvælaíðnaði.

3.3.7. Lagt er til að Stykkishólmsbær hvetji innviðaráðherra að beita sér fyrir því að skapa skilyrði og umgjörð til þess að tryggja að ljósleiðari geti náð til allra heimila í þéttbýli Stykkishólms

Þéttbýli á landsbyggðinni situr eftir í ljósleiðaravæðingu, en Íslands ljóstengt náði ekki til þéttbýlis á landsbyggðinni. Skapa þarf skilyrði þannig að ljósleiðaravæðing á minni þéttbýlisstöðum gangi hraðar fyrir sig líkt og gerðist þegar dreifbýlið var ljósleiðaravætt, enda er háhraða tenging ein af meginforsendum ákvörðunar um búsetu, atvinnuþátttöku, starfsemi fyrirtækja og þannig úrslitaatriði um þróun byggðar. Afar brýnt er að stefna að því sem fyrst að öll lögheimili og vinnustaðir á landinu eigi kost á háhraðanettengingu með ljósleiðara eða annarri sambærilegri tækni.

